

Námskeið í Tréskurði



Dagana 24 -28 Október 2011 mun
Ítalski TréskurðarMeistarinn
Giuseppe Rumerio
halda námskeið hér á landi

Upplýsingar í síma 8966234
tölvupóstur jonadolf@jonadolf.com



Námskeið á vegum Jóns Adólfs

Guseppe Rumerio verður með námskeið 24.– 28.
október. Þáttökugjald er kr. 55.000,- en efni er ekki
innifalið (leir og/eða timbur) Upplýsingar veitir Jón Adólf
8966234 jonadolf@jonadolf.com

Innheimta félagsgjalda

Félagsmenn sem enn eiga eftir að greiða árgjaldið er bent á að gera það sem fyrst.

Kr. 2.500

520496—2549 315-26-549

Haustáætlun FÁT

Opin hús,

Laugardaga milli kl. 10 og 12 að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði

- | | |
|---------------|---|
| 17. september | Opið hús með spjalli um tréskurð og tónlist |
| 8. október | Opið hús þar sem fjallað verður um Akantus |
| 12. nóvember | Aðalfundur (staðsetning auglýst seinna) |
| 10. desember | Opið hús með jólaföndri, tálgun jólasveina jólatrjáa og fleira. |

Vinnustund

Fimmtudaga milli 20 og 22 að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði

- | |
|---------------|
| 29. september |
| 27. október |
| 24. nóvember |

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
2. töl. 16. árgangur 2011



Frá formanni

Eins og hendi sé veifað segir dagatalið að komið sé haust, september og vetrarstarfið á næsta leiti. Stjórnin hefur haldið fund og lagt drög að haustdagskrá sem birtist hér í Brýninu.

Félagið fór í vorferð sem var á Reykjavíkursvæðinu. Skoðuð voru skurðverk í safnaðarheimili Kópavogskirkju, Landakotskirkju, Iðnaðarmannafélagshúsinu við Vonarstræti og endað með skoðun á skurðverkum í Sjóminjasafni Reykjavíkur.

Árleg vorsýning var í Gerðubergi og aukatilefni var 15 ára afmæli félagsins. Sýningarstaður var góður og hentar okkur vel. Stjórnarmennirnir Björn Bergsson og Páll Eliasson sá um hljóðfæraleik á sýningunni og var það samdóma álit að sýningin hefði verið með þeim betri.

Handverkshátíðin að Hrafnagili var sótt heim og nokkrir félagar stóðu þar vaktina og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir.

Vetrarstarfið er hafið með þessu fréttabréfi og opnu húsi að Hólshrauni 5 í Hafnarfirði laugardaginn 17. september. Fyrsta opna húsið verður ekki með fastmótaðri dagskrá heldur vettvangur til að koma saman og ræða málin, líta yfir farinn veg, skoða hvað skorið var í sumar og leiða hugann að verkefnum vetrarins.

Félagið bætir nú við þætti í starfseminum sem ekki hefur verið um tíma og í Brýninu er auglýst námskeið í brýningu skurðáhalda sem Bjarni Þór Kristjánsson mun sjá um. Gert er ráð fyrir um 2ja tíma kennslu og leiðsögn og verðinu stillt í hof eða kr. 2.000,- Gert er ráð fyrir að ekki verði fleiri en sex nemendur í hvert sinn.

Brýning verkfæra hefur verið eitt af því sem félagsmenn hafa kallað mest eftir þegar rætt er um námskeiðshald á vegum félagsins.

Félagsgjald er tekjuöflun félagsins og afl þess sem gert er innan þess. Innheimta hefur gengið betur en í fyrra en betur má ef duga skal. Á stjórnarfundum var ákveðið að ef félagsmaður er í skuld við félagið fyrir tvenni árgjöld sé ekki forsenda til að senda Brýnið, en það er einn stærsti útgjaldaliðurinn hjá okkur. Einnig verður í vetur farin sú leið að þeir sem eru með netfang fái Brýnið í PDF-skjali en ekki pósti. Þrátt fyrir þetta mun félagið þó eiga útprentuð eintök sem hægt er að nálgast hjá formanni.

Með ósk um ánægjulegan “skurðvetur”.
Sigurjón

Systurnar frá Túni

Í sumar var í Tré og list í Forsæti í Flóa sýning á tréskurðarverkum Unnar Guðmundsdóttur, Túni í Flóa, í tilefni þess að hún varð 90 ára.

Á sýningunni voru einnig nokkrir munir eftir systur hennar Guðfinnu sem lést árið 2000 þá 88 ára gömul. Guðfinna hafði 15 ára sótti námskeið í útskurði hjá Ríkharði Jónssyni myndskera að áeggjan móður sinnar. Guðfinna var afkastamikill tréskeri og skar út ýmsa muni sem urðu tækifærisgjafir til ættingja og vina. „Það fæddust alltaf nýjar hugmyndir“ sagði Kristín dóttir hennar aðspurð.



Systurnar höfðu ekki langt að sækja áhugann á tréskurði því móðir þeirra Ragnheiður hafði gaman af því að tálga þrátt fyrir annir á stóru heimili. Hún tálgaði m.a. húsdýrin úr tré og fugla úr ýsubeinum.

Eftir að hafa lært tréskurðarhandtökin hjá systur sinni stundaði Unnur útskurð í meira en 50 ár. Hún var afkastamikill og gerði ýmsa muni til gjafa eða sölu. Heimilisiðnaðarfélag Íslands vakti athygli á Unni með því að birta mynd af ostabretti sem hún gerði í Hug og hönd árið 1966.



Unnur hefur skorið út 400 aska sem eiginmaður hennar renndi og er þar með í hópi þeirra afkastamestu á því sviði á þessum tíma. Einn askur eftir Unni var sýndur á sýningu á Grænlandi 1975. Unnur er ekki að halda mjög fast í fornar hefðir þegar hún sker út aska. Hún mótar fyrir „stöfunum“ og „bandinu“. Hún er mjög frumleg þegar kemur að mynstri askalokanna en myndefnið er yfirleitt mjög fingert og sver sig í ætt við verklag Ríkharðs Jónssonar.

Ef grant er skoðað kemur í ljós að Hafsteinn bróðursonur þeirra systra og bóndi í Túni hefur einnig stundað tréskurð, svo hér höfum við dæmi um þrjár kynslóðir tréskera. Það er ljóst að frænkur hans kveiktu áhuga hans á tréskurði en það var þó ekki fyrr en um 1980 sem hann fer á námskeið í tréskurði. Um það leiti hóf hann smíðakennslu í Þingborgarskóla og leyfði nemendum 7. bekkjar (eftir þann bekk sóttu börnin nám á Selfossi) að grípa í tréskurðarjárn en vegna tímaskorts var ekki hægt að láta þau skera út heilt verk.

Þessi grein byggir m.a. á viðtölum við ættingja systranna, grein í Hug og Hönd (1966), grein í Ársriti Sambands sunnlenskra kvenna 1985 og gögnum af heimasíðu Tré og Listar. Ólafur Sigurjónsson (Tré og List) tók myndirnar af verkum Unnar.

Björn Bergsson



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð

Pósthólf nr. 6 270 Mosfellsbæ

Netfang: silo@mmedia.is

Heimasíða: <http://www.listalind.is/treskurdur>

Ritstjórn er stjórn félagsins

Ábm. Björn Bergsson

Námskeið í brýnslu skurðáhalda

Félag áhugamanna um tréskurð stendur fyrir námskeiði í brýnslu skurðáhalda.

Bjarni Þór Kristjánsson annast kennsluna.

Námskeiðið er tveggja tíma og kostar kr. 2.000,-

Áhugasamir hafi samband við formann félagsins sem veitir frekari upplýsingar um tíma og staðsetningu.

Sigurjón 864 5716 eða silo@mmedia.is

Gert er ráð fyrir að ekki séu fleiri en 6 á hverju námskeiði.